

# 13

## Upphaf illskunnar

Orðið *Satan* er að finna oftast en fimmtíu sinnum í Biblíunni. Í hebreskunnni er merking orðsins, „andstæðingur“ eða „mótherji“, notuð. Í Nýja testamentinu er orðið djöfull notað oftast en sextíu sinnum. Það orð þýðir bókstaflega ‚lastari‘. Skilgreining þess er ‚falskur ákærandi eða einhver sem er með rógburð, rangfærir eða er illviljaður‘. En hvaðan kom djöfullinn og hvers vegna hefur Guð ekki eytt honum? Við finnum réttu svörin við þessum spurningum, eins og áður, í hinu áreiðanlega Orði Guðs.

### 1. Hvaðan kemur Satan? Lúkas 10.18

---

### 2. Hvers konar vera var hann? Esekíel 28.14-15

---

*Ath. Guð skapaði þennan engil sem „forskrift fullkomleikans.“ Hann var eitt sinn í návist Guðs á himnum, þar til er „yfirsjón“ (betur þýtt sem „illska“) fannst hjá honum.*

### 3. Hvers konar „yfirsjón“ fannst hjá honum? Jesaja 14.13-14; 1 Tímóteusarbréf 3.6

---

*Ath. „Lúsifer“ varð stoltur út af fegurð sinni og stöðu og vildi verða hafinn upp yfir stjörnur himinsins. Smám saman fór hann að ala á löngun sinni til sjálfsupphafningar.*

### 4. Hvernig var honum vikið brott frá himni? Opinberunarbókin 12.7-9; Esekíel 28.16-17

---

*Ath. Rót hebreska orðsins fyrir „verslun“ er orðið rakiyl sem þýðir ‚að rægja eða fara með ósannindi‘. Lúsifer byrjaði á því að dreifa lygum um lyndiseinkunn Guðs ásamt því að ala á ónægju meðal hinna englanna. Hann vildi vekja uppreisn gegn Guði.*

### 5. Hve margir englar féllu með honum? Opinberunarbókin 12.4

---

### 6. Af því að Satan blekkti Adam og Evu, hvað hefur hann þá eignað sér? Lúkas 4.5-6; Jóhannes 12.31

---

*Ath. Þegar Guð skapaði veröldina, gaf hann Adam yfirráð yfir henni. En þegar Adam syndgaði, tók Satan yfir stjórn jarðarinnar. Takið eftir að Jesús andmælir ekki Satan*

## 13-2

þegar hann segir „því að mér er það[veldið] í hendur fengið.“ Meira að segja Jesús kallar hann „höfðingja þessa heims.“

### 7. Hvers vegna eyddi Guð ekki Satan þegar hann olli uppreisn? 5 Mósebók 32.3-4

---

*Ath. Í Hebreabréfinu (í upprunalegu grískunni) kemur oft fyrir að Guð hafi skapað „heimana,“ þ.e.a.s. í fleirtölu. Er það mögulegt að Guð sem er sköpunarsnillingur, hafi ríkt í billjónir ára á himnum og dag einn dottið í hug að skapa einn heim? Nei, það virðist vera að Biblían gefi til kynna að það séu margar siðmenningar í alheiminum.*

*Guð hefði svo sannarlega getað eytt Satan á uppreisnartíma sínum, en hvað hefðu englarnir hugsað? Tortíming Satans hefði gert hann að píslarvotti í augum hinna englanna og vakið hjá þeim efasemdir og vantraust á Guði. Auðvitað hefði Guð getað eytt öllum englunum og hafist handa upp á nýtt, en hvað þá um hina heimana? Hvað hefðu þeir hugsað? Hversu langt gat Guð gengið í að eiga við syndina og verið á sama tíma álitinn sanngjarn og veitandi fullt valfrelsi? Hann varð að leyfa syndinni að renna sitt ljóta skeið til þess að opinbera sitt sanna og kærleiksríka eðli.*

### 8. Hvert er æðsta takmark óvinarins, Satans, í þessum heimi? 1 Pétursbréf 5.8

---

### 9. Nefndu nokkrar leiðir sem notar djöfullinn til þess að blekkja okkur?

a. 2 Korintubréf 4.4; Markús 4.13-15 \_\_\_\_\_

b. 1 Korintubréf 7.5; Matteus 26.41 \_\_\_\_\_

c. Sakaríá 3.1; Opinberunarbókin 12.10 \_\_\_\_\_

*Ath. Satan stendur ekki einungis í veginum fyrir skilningi okkar á fagnaðarerindinu heldur reynir hann einnig að reka fleyg milli okkar og Guðs. Hann freistar okkar til að syndga og þegar við föllum fyrir freistingum hans ásakar hann okkur um hve slæm við séum. Hann hvíslar að okkur að Guð geti ekki fyrirgefið okkur. Hann hæðist jafnvel að Guði með því að leggja syndir okkar fram fyrir Guð.*

*„Satan bíður þess að ræna okkur hinni dýrmætu fullvissu sem Guð hefur gefið okkur. Hann vill svipta mannsálina hverjum vonarneista og hverri ljósskímu, en það máttu ekki leyfa honum að gera. Ljáðu ekki freistaránunum eyra, heldur segðu: „Jesús dó, svo að ég mætti lifa. Hann elskar mig og vill ekki að ég glatist.““*

*Vegurinn til Krists, bls. 64.*

## 13-3

### 10. Hvernig getum við staðist djöfulinn? Jakobsbréf 4.7-8

---

*Ath. Eina vörn okkar er að gefa okkur á vald Guðs og nálægja okkur Kristi. Leyfðu frelsara okkar að vernda þig fyrir vélabrögðum óvinarins. Þú hefur ekki nægan styrk til að eiga við Satan í eigin mætti.*

### 11. Freistar Guð okkar? Jakobsbréf 1.13

---

### 12. Hvenær verður freistingin að synd? Jakobsbréf 1.14-15

---

*Ath. Freistingin verður ekki að synd fyrr en við samþykkjum hana í huganum. Stundum freistar ill hugsun eða löngun okkur en við snúum okkur frá henni. Slíkt er ekki álitid synd – en verður það um leið og við föllumst á þessar hugsanir eða langanir.*

### 13. Hverju lofar Guð okkur? 1 Korintubríf 10.13

---

### 14. Hvenær varð Kristur fulltrúi þessa heims í stað Satans? Jóhannes 12.31; Hebreabréfið 2.14

---

*Ath. Þegar Guð skapaði heiminn gerði hann Adam að leiðtoga eða fulltrúa mannkynsins. Satan náði yfirráðum yfir þessum heimi og varð nýr fulltrúi jarðarinnar þegar hann tældi Adam til að syndga. Jesús varð réttilega aftur fulltrúi jarðarinnar þegar hann vann hana aftur með því að deyja á krossinum.*

***Samantekt: Guð skapaði ekki hið illa. Lúsífer var fallegur og dýrðlegur engill á himnum þar til stoltið spillti honum og hann leiddi uppreisn gegn Guði og fékk einn þriðja hluta englanna til fylgis við sig. Hann er ennþá í uppreisn gegn Guði og telst því óvinur okkar. Hann leitar að hverjum þeim sem hann geti gleypt og þó að freisting sé ekki synd þá er það tækið sem hann notar til þess að leiða okkur í synd. Og þó að okkur verði á og við föllum stundum þá höfum við Jesús, vorn æðsta prest, sem lifir til þess að vera meðalgöngumaður okkar. Hann elskar okkur svo heitt!***

# Svör við nr. 13

Spurning 1 – Frá himni

Spurning 2 – Verndar-kerúb eða engill og óaðfinnanlegur

Spurning 3 – Hann ofmetnaðist

Spurning 4 – Opinber uppreisn olli því að Satan og englum hans var varpað af himnum

Spurning 5 – Þriðjungur englanna

Spurning 6 – Jörðina

Spurning 7 – Því að fullkomin eru verk hans og allir vegir hans eru réttlæti

Spurning 8 – Til þess að gleypa eða eyða okkur

Spurning 9 – a. Til að blinda huga okkar fyrir fagnaðarerindinu

b. Hann freistar okkur til að syndga

c. Svo ásakar hann okkur fyrir syndir okkar

Spurning 10 – Gefast Guði á vald og nálægast hann

Spurning 11 – Nei

Spurning 12 – Þegar við samþykkjum hana í huganum

Spurning 13 – Guð mun ekki láta freista okkar um megn fram og hann lofar einnig að sjá um að við fáum staðist

Spurning 14 – Á krossinum